



# Fundargerð aðalstjórnar Íþróttafélagsins Gróttu

## 4.maí 2015

### Mættir:

|  |   |
|--|---|
| Elín Smáradóttir –formaður             | Erla Kristín Árnadóttir- kraftlyftingadeild       |
| Ragnar Rafnsson – gjaldkeri            | Sigurður Örn Jónsson -fimleikadeild               |
| Hreinn Októ Karlsson – ritari          | Arnar Þorkelsson– handknattleiksdeild             |
| Sigrún Hallgrímsdóttir- boðaði forföll | Hilmar Sigurðsson– knattspyrnudeild.              |
| Arnar Rafn Birgisson -meðstjórnandi    | Ásta Sigvaldadóttir - verkefnastjóri Gróttu       |
| Kristinn Þorvaldsson-varamaður         | Kristín Finnbogadóttir – framkvæmdarstjóri Gróttu |
| Pétur Blöndal-varamaður boðaði forföll |   |

Sérstakir gestir fundarins: Fanney Hauksdóttir heimsmeistari unglunga í kraftlyftingum, Sigríður Sigmarsdóttir og Magnús Örn Guðmundsson frá ÍTS

### Dagskrá:

1. Fanneyju Hauksdóttir færð viðurkenning.
2. Heimsókn frá ÍTS
3. Yfirlit deilda
4. Fjáröflun -Gróttulag
5. Fimleikahús
6. Skýrsla tækninefndar
7. Sumaræfingar-unglingavinna
8. Önnur mál- bikaraskapur, lyftingaáhöld o.fl.

---

Fundur settur af formanni og byrjað á fyrsta lið dagskrár.

#### 1. Fanney Hauksdóttir fær viðurkenningu.

Elín Smáradóttir formaður Gróttu afhenti Fanneyju Hauksdóttur heimsmeistara og heimsmethafa í bekkpressu unglunga blóm og gjöf frá Gróttu. Fanney er búin að keppa síðan 2011 og er að fara í opinn flokk úr unglungaflokki. Kraftlyftingar eru ekki Ól grein en verður kannski sýningargrein á Ól 2016. Fanney er frábær fyrirmynd fyrir alla unga íþróttaiðkendar. Arnar Þorkelsson tók mynd af Elínu formanni og Fanneyju við Gróttufánann.





## 2. Heimsókn frá ÍTS

Magnús Örn kynnti sig og Sigríði Sigmarsdóttur og kvaðst vera glaður að fá að koma og ræða við Gróttufólk. Var hann með nokkur atriði sem hann vildi ræða um og vildi fá spurningar frá stjórnarmönnum.

-Ársreikningar, ársskýrslur og uppgjör í góðu lagi, góð skil. Hafði hann smá áhyggjur fjárhagslega af meistarflokkum Gróttu í handknattleik og knattspyrnu.

-Bærinn þarf að auka við fjárveitingu vegna margra titla handknattleiksdeildar samkvæmt bónussamningi.

-**Skyndihjálparnámskeið.** Magnús ræddi um að námskeið verði haldið hjá leiðbeinendum úr Selinu og var búið að bjóða leiðbeinendum frá Gróttu að vera með. Gitta búin að senda tilkynningu á þjálfara. Nokkrar kvartanir hafa borist undanfarin ár vegna þess að leiðbeinendur hafa ekki verið búnir að taka námskeiðið.

-**Tóbaksnotkun.** Þarf að skerpa á að tóbaksnotkun er með öllu óheimil í og við íþróttamiðstöð. Arnar Þ og Hilmar sögðu að það væri minna um að leikmenn væru með í vörinni núna en undanfarin ár en betur má ef duga skal. Ef þarf að bæta við merkingum er ekkert mál að fá fjárveitingu frá bænum til að bæta úr því.

-**Jákvæður uppgangur Gróttu.** ÍTS ætlar að gera enn betur, hækka ferðastyrki sem hafa verið óbreyttir frá 2006 en um leið þrengja umskóknina og setja í fastari skorður.

-**Bygging íþróttamiðstöðvar.** Mikil og góð vinna er búin að fara fram. Búið er að afgreiða málið úr nefnd og til bæjarráðs. Góðu fréttirnar eru að Reykjavík vantar fimleikahús. Málið er komið til borgarstjórnar sem er búin að setja málið í nefnd og eru góðar líkur á að náist einhverskonar samstaða um málið. Það er á hendi bæjarstjóra að fylgjast með þessu máli. Elín vildi koma á framfæri að þetta væri ekki bara fimleikahús heldur stækkun íþróttamiðstöðvar sem myndi nýtast öllum deildum og voru þau frá ÍTS sammála því.

- Hvað á að gera í millitíðinni meðan er verið að byggja húsið? Það gat engin komið með svar við því. Er fjárhagsáætlun fyrir byggingu hússins of lág? Verður væntanlega samþykkt þegar allt er klárt. Nú er bara verið að bíða eftir svari frá Reykjavíkurborg um hvað þau ætla að gera. Ákvörðun verður tekin í haust 2015 sama hvað Reykjavík ætlar að gera.

-**Gervigrasið.** Beiðni kom frá knattspyrnudeild og að það þyrfti að skipta um gervigras. Magnús sagði að Haukur Geirmundsson og knattspyrnudeild myndu vinna saman með verkfræðistofu að gera kostnaðarmat og hverskonar gras væri best. Verður farið í að skipta á næstunni sagði Magnús.

-Mikið hefur verið að gera hjá Seltj.bæ undanfarið t.d hjúkrunarheimili o.fl. og sagði Magnús að lítið mætti útaf bera til að ekki færi illa. Bærinn ætlar að halda áfram að vera með styrka fjármálastjórn og steypa bænum ekki í skuldafen. Bærinn er vel settur.

-Rætt var um að viðhaldi á íþróttahúsi væri ábótavant, væri margt sem þyrfti að laga. T.d væru komar silfurskottur á salerni og nokkrir hurðarhúnar væru orðnir lélegir o.fl

-Arnar B kom með spurning til ÍTS um að hvað Grótta fengi á næstu árum? Sagði Sigga að allt yrði reynt til að koma til móts við kröfur Gróttu. Magnús sagði að það væri alltaf verið að gera eitthvað eins og til dæmis fékk fimleikdeild styrk uppá 8.millj.kr til að kaupa áhöld.





-Ásta benti á að það vanti skilti á knattspyrnuvöll um að reykingar sé bannaðar og sagði ÍTS að það væri ekkert mál að láta útbúa þau.

-Magnús spurði hvort það væri ekki almenn ánægja með tómsundarstyrkinn? Tóku allir undir það að svo væri, mætti kannski fara að gera umsóknina rafræna.

-Sigga kom með spurningu til kraftlyftingadeildar varðandi hvort deildin væri formlegur partur af Gróttu og var því svarað að svo væri. Þarf að fara móta stefnu ef það á fara stofna unglingsdeild.

-Sigga ætlar að gefa allan lottóvinninginn sinn úr Euro jackpot til Gróttu ;-)  
*staðfest*

-Á fundi með bæjarstjóra kom fram að hann vildi að Gróttta sendi formleg erindi til ÍTS varðandi hin ýmsu mál. Sigga benti á að það þyrfti að koma fyrir 12.júní því þá væri næsti fundur ÍTS.

Gróttta mun senda 4 erindi til ÍTS.

1. Stækkun íþróttamiðstöðvar
2. Rekstur íþróttamiðstöðvar
3. 50 ára afmæli Gróttu, samstarf.
4. Samræming á tómsundastarfi á Seltjarnarnesi.

### 3. Yfirlit deilda

#### ***Fimleikadeild.***

Sigurður Örn sagði frá að Nanna Guðmundsdóttir hefði fengið 2 bronsverðlaun á NM unglinga sem fór fram fyrir skömmu. Var reynt að koma henni inn í fimleikaeinvígið en það tókst ekki. Kom hann inná umræður sem höfðu farið fram á Facebook þar sem fimleikadeild fékk mikla óréttmæta gagnrýni frá hinum ýmsu aðilum. Boðaði stjórn fimleikadeildar viðkomandi aðila sem setti inn fyrstu færsluna og voru málin rædd og málið leyst í mesta bróðerni. Mestmegnis misskilningur.

Hefur vantað uppá að foreldrar mæti á foreldrafundi og kynni sér starfið.

Fimleikadeild er að vinna að lýsingu á hópaskiptinu og mun hún verða sett á heimsíðu Gróttu, fólki til ánægju og yndisauka.

Fimleikadeild þarf að hækka gjaldskrá um 10 % til að standa undir rekstri.

Verið er að klára tímabilið og það verður frí í júlí.

Gróttta hefur misst 2 stelpur úr áhaldafimleikum í Ármann vegna aðstöðuleysi og hafa nokkrar stelpur skipt yfir í Stjórnuna í hóp fimleikunum.

#### ***Handknattleiksdeild.***

Arnar sagði að þar bæri að sjálfsögðu hæst Íslandsmeistaratitill meistaraflokks kvenna sem þær unnu svo eftirminnilega í Mýrinni í Garðabæ. Gróttta hefur í kjölfarið fengið mikla athygli og er það mikil lyftistöng Gróttu og líka Seltjarnarnesbæ. Gróttta fékk 12 verðlaun á lokahófi HSÍ. Verið er að ganga frá samningum við leikmenn nú um stundir. Það vantar 3-4 leikmenn til að styrkja karlalið en kvennalið verður að mestu óbreytt. Verið er að ráða þjálfara og er þegar búið að ganga frá því að Andri Sigfússon þjálfri 2-5 flokk karla. Gróttta gæti lent í vandræðum á næsta ári með að ráða menntaða þjálfara vegna bindingar kennara við grunnskóla. Ásta mun ræða við skólafulltrúa um málið.





### **Kraftlyftingadeild.**

Hæst ber að sjálfsögðu heimsmeistaratitill og heimsmet Fanneyjar Hauksdóttur. Mikil ánægja með móttöku sem var haldin í hátíðarsal Grótttu við heimkomu Fanneyjar. Íslandsmeistaramót var haldið um sl. helgi 30-31 maí og stóð Gróttta sig að venju mjög vel. Arnhildur Anna Árnadóttir lyfti seríunni 197 - 115,5 - 187,5 sem eru öll NÝ ÍSLANDSMET ! Arnhildur Anna Árnadóttir lyfti samanlagt hálfu tonni! Tinna Rut Traustadóttir tók einnig þátt á Íslandsmeistaramótinu. Hún gerði sér lítið fyrir og tók 167,5 í réttstöðu sem er ÍSLANDSMET. Þá tók hún 420 í samanlögðu sem er einnig Íslandsmet!

HM í klassískum kraftlyftingum fer fram í Finnlandi og hefst um helgina 6-7.júní. Gróttta á fjóra grjótharða keppendur á mótinu sem við munum að sjálfsögðu fylgjast með. Fyrst keppir Matthildur Óskarsdóttir, svo Laufey Agnarsdóttir þá Elín Melgar og loks Aron Teitsson.

Þarf að athuga með unglिंगastarf innan deildarinnar vegna mikils áhuga hjá yngri kynslóðinni. Það fer keppandi frá Grótttu á unglिंगalandsmót UMFÍ í sumar. Kom fram hugmynd um að vera með námskeið á vegum Grótttu fyrir unglिंगa.

### **Knattspyrnudeild.**

Hilmar sagði frá að það gengi allt vel hjá þeim nema að það vantaði fleiri stig hjá meistaraflokki karla í 1.deildinni eru bara með 1.stig. Mikil breyting hefur orðið á 1.deildinni síðan að Gróttta var þar síðast. Núna eru miklu meiri peningar í spilinu og er erfitt fyrir Grótttu að keppa við liðin sem eyða úti eitt. Það þarf að fara í stefnumótun hvað viljum við Pepsi eða félagsandann?

Hilmar sagði frá því að Seltjarnarnesbær hefði gefið samþykki fyrir því að það mætti setja auglýsingaskilti á grindverkið við WC.

Knattspyrnuskóli Grótttu hefst nk. mánudag 8.júní.

#### **4. Fjáröflun –Grótttulag**

Það kom erindi frá Soffíu Karlsd. menningamálafulltrúa Seltjarnarnesbæjar varðandi Grótttulagið. Hafði höfundur lagsins Jóhann Helgason boðið Grótttu að fá lagið og kannski setja það á geisladisk og selja í fjáröflunarskyni. Ekki var áhugi á því. Frekar að setja það inná heimasíðu í mp3 formi svo fólk gæti halað því niður. Arnar B kom með tillög um að hafa myndbandasamkeppni við lagið fyrir 50 ára afmælið Grótttu. Verður skoðað.

#### **5. Fimleikahús**

Ekki þótti fundarmönnum tilefni til að ræða meira stækkun íþróttamiðstöðvar.

#### **6. Skýrsla tækninefndar**

Arnar B sagði frá störfum tækninefndar. Hvernig mætti hagræða og gera allt betra og ódýrara. Niðurstaða fundarins er að við setjum flutning á DK bókhaldi í framkvæmd strax.

Tölvupóstur verður jafnframt fluttur á Exchange póstpjón hjá Xnet.

Skjalavistunarsvæði hjá Xnet verði tekið í notkun sem fyrst.

Bíðum niðurstöðu frá bænum varðandi samnýtingu á internettingu og netbúnaði í íþróttamiðstöð áður en næstu skref verða stigin í að bæta netmálin.





Arnar B setur saman heimasíðunefnd sem hefur það markmið að koma upp WordPress síðu fyrir Gróttu sem taka mætti í notkun í haust.

## 7. Sumaræfingar-unglingavinna

Æfingar hjá fimleikadeild í sumar eru bæði fyrir hádegi og eftir. Hitti svo á að 3 stúlkur gætu ekki unnið í unglíngavinnunni. Ásta er búinn að ræða við Seltjarnarnesbæ og munu þessar stúlkur fá vinnu í júlí.

## 8. Önnur mál

**-Bíkaraskápur.** Hann Jói smíður kom frá bænum og skoðaði hvar hægt væri að setja upp skáp. Varð niðurstaðan að taka niður skóhillu í anddyri og setja skáp í staðinn. Skoða má hvort ekki megi loka glugga og stækka bíkaraskápin sem því nemur. Ásta er að láta gera tilboð á skápana.

**-Upplýsingaskjár.** Kristinn kom með þá hugmynd að setja hann í loftið í anddyri og var það samþykkt og við nánari skoðun var skjánum fundinn staður við súlu í anddyri og mun hann blasa við fólki þegar það kemur inn í íþróttamiðstöðina.

**-Lyftingaáhöld.** Gitta lagði fram tilboð frá Einari Óla sjúkrapjálfa á lyftingaáhöldum. Var ákveðið að hún myndi ræða við hann um hvort þetta væri hagstæðasta tilboðið og skoða svo framhaldið. Samþykkt var að kaupa áhöld þegar hagstæðasta tilboðið væri komið.

**-Stefnumörkun.** Elín formaður ræddi um það þyrfti að finna dagsetningu, stýringu, fyrirlesara frá deildum í þessa vinnu. Arnar B kom með þá hugmynd að einhver úr aðalstjórn tæki verkefnið að sér. Ragnar reiðubúinn að taka að sér ef einhver annar væri með honum. Elín tilbúin að vera með honum í þessu.

**-Gróttudagur.** Ásta sagði að hann yrði síðasta laugardag í ágúst í tengslum við bæjarhátíðina.

**-Saga Gróttu.** Ásta ræddi við Pétur Blöndal um söguritun Gróttu en hann hafnaði því. Ræddi hún við Karl Pétur Jónsson um málið og mun hann ræða við föður sinn um samstarf og er beðið eftir svari frá þeim.

-Elín fór og skoðaði skápin þar sem styrktaræfingarnar Gróttu fara fram og kom hún út úr skápnum ☺ og fannst aðstaðan ekki góð. Keypti líka 3 fótboltasokkapör úr Gróttubúð ☺

Boðað til næsta fundar annan mánudag í ágúst.

Þessum langa fundi slitið kl 22:24.

Gleðilegt sumar og áfram Gróttu.

